

76
22. ágúst

51. gr.

Mál út af brotum á reglugjörð þessari skal farið með sem almenn lögreglumál.

52. gr.

Reglugjörð þessi gengur í gildi 1. september 1921 og er jafnframt úr gildi feld »Reglugjörð fyrir Kjósarsýslu um fjallskil og fl., 3. ágúst 1909« og »Reglugjörð um grenja-leitir og refaveiðar í Kjósar- og Gullbringusýslu, 30. júlí 1891« og viðauki við hana, 29. júní 1894 að því er Kjósarsýslu viðkemur.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefndin í Kjósarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaga 10. nóv. 1905 og lögum nr. 48, 28. nóv. 1919, staðfestist hjer með til að öðlast gildi 1. september 1921.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 22. ágúst 1921.

Í fjarveru ráðherrans.

Oddur Hermannsson.

Páll Pálmason.

77
22. ágúst

Auglýsing

**um breyting á gjaldskrá fyrir rafveitu Suðurfjarðahrepps
frá 22. maí 1919.**

Í stað orðanna »10%« í síðustu málsgrein 1. gr. gjaldskrár fyrir rafveitu Suðurfjarðahrepps frá 22. maí 1919 komi: 60%.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 22. ágúst 1921.

Í fjarveru ráðherrans.

Oddur Hermannsson.

Páll Pálmason.